STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2000

23. mars 2000 473 Nr. 202

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. og 3. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá neðangreindum ríkjum enda komi þær frá viðurkenndum starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Albanía	Fílabeinsströndin	Kólumbía	Mexíkó	Seychelleseyjar
Argentína	Færeyjar	Kúba	Nígería	Singapúr
Ástralía	Gambía	Lettland	Nýja-Sjáland	S-Kórea
Bangladess	Gana	Litháen	Óman	Taíland
Brasilía	Gvatemala	Madagaskar	Pakistan	Tansanía
Chíle	Indland	Malasía	Panama	Túnis
Eistland	Indónesía	Maldíveyjar	Perú	Taívan
Ekvador	Japan	Marokkó	Rússland	Úrúgvæ
Falklandseyjar	Kanada	Máritanía	Senegal	Víetnam
Filippseyjar	Kína	Márítíus	S-Afríka	Yemen

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá neðangreindum ríkjum og skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

Algería	Franska Polynesía	Jamaíka	Nýja Kaledónía	Sviss
Angóla	Gabon	Kamerún	Papúa Nýja Gínea	Simbabwe
Antígva[1)]	Grenada	Kenýa	Pólland	Tékkland
Aserbaídsjan[2)]	Grænland	Kostaríka	Rúmenía	Tógó
Bahamaeyjar	Gínea Conakri	Króatía	Sankti Helena	Tyrkland
Bandaríkin	Hollensku Antillaeyjar	Kýpur	Sankti Pierre og Miquelon	Úganda
Barbúda[1)]	Hondúras	Malta	St. Vincent og Grenadíneyjar	Ungverjaland[3)]
Belís	Hong Kong	Mósambík	Salómonseyjar	Venesúela
Benín	Hvíta Rússland	Myanmar	Slóvenía	
Erítrea	Íran	Namibía	Srí Lanka	
Fidjieyjar	Ísrael	Nikaragúa	Súrínam	

[1)] Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.
[2)] Aðeins heimilt að flytja inn kavíar.
[3)] Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi þær frá starfsstöðvum og svæðum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía
Chíle
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland

5. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá neðangreindum ríkjum og skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

Heimilt er að flytja inn sjávarafurði frá Tælandi sem hafa sætt hitameðferð eða verið sótthreinsaðar í samræmi við gildandi reglugerðir.

6. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 745/1998 um skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar sem innflutningur sjávarafurða og annarra afurða, sem falla undir reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er heimill frá, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

Nr. 203 23. mars 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. orðast svo: Fiskistofa heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu sbr. 1. mgr.

b. Á eftir 2. mgr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Um innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein fer eins og um flutning slíkra afurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.